

## Lyfjaskírteini - vinnuregla

### Blóðfitulækkandi lyf

ATC flokkur: C10A - lyf til temprunar á blóðfitu  
C10AX13 – evolocumab (Repatha®)  
C10AX14 – alirocumab (Praluent®)  
C10AX16 – inclisiran (Leqvio®)  
C10BA02 – ezetimíb og simvastatín (Inegy®)  
C10BA05 – ezetimíb og atorvastatín (Atozet®)

Dagsetning: 1. október 2022

---

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmstu pakkninga í ATC flokkunum C10 A og eru þær G -merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini. Ef hagkvæmstu lyfin reynast ófullnægjandi getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðrum lyfjum.

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Meðferð með a.m.k. tveimur hagkvæmstu lyfjunum hafa reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.
- Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

Viðbótarskilyrði fyrir Inegy® og Atozet®

- Viðunandi árangur hefur ekki náðst með blóðfitulækkandi lyfi einu sér.

Viðbótarskilyrði fyrir Praluent®, Leqvio® og Repatha®

- Einstaklingur með alvarlega ættgenga blóðfituhækkun.
- Fyrirbyggjandi meðferð eftir hjartaáfall fyrir einstakling með LDL-kólesteról  $\geq 2.5$  mmól/L.

**Fyrsta umsókn skal gerð af sérfræðingi með sérþekkingu í hjarta- og æðasjúkdómum**

**Gildistími:** 5 ár